



27. október 2022

Stúdentaráð Háskóla Íslands skorar á Háskóla Íslands að lýsa tafarlaust yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og fylgja yfirlýsingunni eftir með því að koma á aðgerðaráætlun fyrir háskólann.

Þetta er í annað skipti sem Stúdentaráð leggur fram slíka áskorun, en í febrúar 2020 skoraði Stúdentaráð á Háskóla Íslands að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og gera samhliða því viðeigandi aðgerðaráætlun fyrir Háskóla Íslands¹. Stúdentaráð setti þá fram aðgerðalista til að koma stjórnslu skólans af stað í slíkri vinnu. Nú, tæpum þremur árum eftir að Stúdentaráð setti fram þessa áskorun hefur Háskóli Íslands ekki lýst yfir neyðarástandi í loftslagsmálum né hafið markvissa vinnu að aðgerðaráætlun. Stúdentaráð verður, með öllum tiltækum ráðum, að þrýsta á háskólann að vera leiðandi í loftslagsmálum og að setja fordæmi fyrir land og þjóð, sem og háskóla um allan heim. Þess vegna skorar ráðið nú á Háskólann að lýsa **tafarlaust yfir neyðarástandi** og fylgja síðan yfirlýsingunni eftir með því að koma á skýrri og róttækri aðgerðaráætlun um hvert framlag skólans verður í baráttunni við loftslagsvána.

Háskólinn ætti að vera leiðandi í umræðunni um og baráttunni við loftslagsvána en ljóst er að með aðgerðarleysi sínu undanfarin ár hefur Háskóli Íslands dregist aftur úr og er nú eftirbátur annarra vísindastofnana í þeirri þróun heimsomræðunnar að viðurkenna alvarleika málsins. Vísindin hafa sjaldan verið meira afgerandi en nú þegar fjölþjóðlegt vísindasamfélag Sameinuðu þjóðanna gefur út skýrslur IPCC og IPBES² sem sýna fram á slæm áhrif mannsins á náttúru og loftslag. Það er á ábyrgð háskólans að leggja áherslu á alvarleika málsins, benda á vísindin og gera kröfu um að aðilar taki þeirra ábendingum og loftslagsvánni alvarlega með þörfum aðgerðum. Það sýndi sig þegar að heimsfaraldur Covid-19 reið yfir hversu mikilvægur málsvari vísinda háskólinn er og hversu miklu máli framlag hans í upplýsingagjöf skiptir þegar kemur að krefjandi alþjóðavandamálum. Þann stuðning þarf núna, í baráttunni gegn loftslagsvánni.

¹ Ársskýrsla Stúdentaráðs 2019-20, bls. 192

²https://ipbes.net/sites/default/files/2021-06/20210609_workshop_report_embargo_3pm_CEST_10_june_0.pdf

Í nóvember verður COP27 haldin í Egyptalandi, en niðurstöður COP26 í fyrra voru vægast sagt vonbrigði þar sem þær stjórnvæðust af miklum hluta til af stórfyrirtækjum. Í ár er vonin sú að vísindasamfélagið geti þrýst á raunverulegar aðgerðir og er mikilvægt að Háskóli Íslands taki þátt í að beita þeim þrýstingi. Háskóli Íslands er stærsta menntastofnun þjóðarinnar og ber sem slík ríka samfélagslega ábyrgð hér á landi. Sú ábyrgð teygir sig sömuleiðis út fyrir landsteinana þar sem að HÍ er leiðandi í Aurora samstarfsnetinu.

Með því að lýsa yfir neyðarástandi er Háskóli Íslands að taka skýra afstöðu og setur þannig bæði pressu á sína eigin starfsemi, sem og annarra stofnanna og fyrirtækja, að bregðast við. Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir metnaðarfullum aðgerðum HÍ í loftslagsmálum nema ákvarðanir stjórnenda hans. Því skorar Stúdentaráð á stjórnendur skólans að láta þetta ekki bíða lengur og koma þessu strax inn á borð háskólaráðs.

Samþykkt á fundi Stúdentaráðs þann 25. október 2022.